

DREKASKÁTAMÓT 2024

ANNAÐ UPPLÝSINGABRÉF



Nú stýttist óðum í Drekaskátamót, við erum orðin ótrúlega spennt og við hlökkum til að sjá alla drekaskátana á Úlfjótssvatni dagana 31. maí - 2. júní.

Á mótinu verður **Sirkús þema** og við hvetjum alla skáta til þess að koma í búning og taka virkan þátt í þemanu.

Þátttökugjald er **9.900,-** og innifalið í því er öll dagskrá og sameiginleg kvöldmáltíð á föstudeginum og laugardeginum.

- Hvert félag fær frítt fyrir 1 foringja sem sinnir fararstjóra stöðu. Einnig fer einn foringi frítt fyrir hverja 10 krakka sem skrá sig á vegum félagsins, skráning foringja fer fram með því að senda póst á skatarnir@skatarnir.is með upplýsingum um foringjana sem fylgja félaginu, starfsfólk BÍS mun bæta þeim við skráningu félagsins. Kostnaður fyrir aðra foringja eru **5.500,-** krónur.
- Skráning er opin á skraning.skatarnir.is og henni lýkur tímanlega á miðnætti miðvikudaginn 1. maí. Mikilvægt er að skráningar berist á réttum tíma til þess að hægt sé að panta mat í tæka tíð fyrir mótið.
- Borga þarf þátttökugjaldið við skráningu inn á Abler og verða því félög að rukka aukalega fyrir annan kostnað s.s. rútu eða mat.

Í ár hefur verið skipuð ný staða í mótstjórn sem ætluð er að sinna sérþörfum þátttakenda. Til að koma á mótis við þetta er nýtt svæði (Kyrrðin) til staðar á mótinu sem er ætlað fyrir börn sem þurfa á að halda að hvíla sig frá hávaða og áreiti til að hlaða batteríin sín í ró og næði. Ef þið teljið að þátttakandi á ykkar vegum þurfi á þessari þjónustu að halda, hafið þá samband við Freyju í tölvupósti drekaskatamot@skatarnir.is



Fleiri hagnýtar upplýsingar:

1. Tjaldsvæði mótsins er á Hvítasunnuföt, við biðjum fólk að halda bílaumferð um svæðið í lágmarki. Þau félög sem vilja vera saman á flöt get sent línu á drekaskatamot@skatarnir.is og beðið um að vera með sínu vinafélagi í dagskrá og á tjald flöt.
2. Félagið þarf að koma með sitt eigið matartjald.
3. Í boði er fyrir foringja að mæta á fimmtudagskvöldinu til að setja upp matartjöld í samráði við mótstjórn ef þess er óskað.
4. Fyrir hverja 10 drekaskáta sem félagið sendir á mótið fá þau niðurgreitt þátttökugjald fyrir einn foringja.
5. Félögin sjá um að skipuleggja hvernig skátarnir komast á mótið og hvernig mat og öðru er háttað innan félagsins, fyrir utan sameiginlegu máltíðina föstudags og laugardagskvöldið.
6. Dagskrá mótsins er í viðhengi, hún er gefin út með fyrirvara um breytingar.
7. Foringjar og fararstjórar þurfa einnig að skrá sig.

Allar spurningar má senda á **drekaskatamot@skatarnir.is**

